

## REGLUGERÐ

## um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta.

## 1. gr.

## Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að koma á frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta. Frammistöðukerfið skal stuðla að sjálfbærri þróun flugsamgöngukerfisins með því að bæta heildarskilvirkni flugleiðsöguþjónustu á megin sviðum frammistöðu, þ.e. öryggis, umhverfis, afkastagetu og kostnaðarhagkvæmni.

## 2. gr.

## Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um loftrými Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan Evrópusvæðis (ICAO EUR) og Afríku- og Indlandshafssvæðis (ICAO AFI) þar sem aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eru ábyrg fyrir því að veita flugumferðarþjónustu.

## 3. gr.

## Lögbært yfirvald.

Hið lögbæra yfirvald samkvæmt reglugerð þessari er Samgöngustofa sem sér um eftirlit með framkvæmd hennar.

## 4. gr.

## Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi ~~hér eftirfarandi~~ á landi reglugerð reglugerðir (ESB) ~~nr. 390/2013 frá 3. maí 2013 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 291/2014 frá 12. desember 2014, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 8 frá 5. febrúar 2015, bls. 728~~ með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans. :

- a. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) ~~nr. 970/2019/2014 123~~ frá ~~12 24. september~~ janúar ~~2014~~ um breytingu á reglugerð (ESB) ~~nr. 677/2011~~ 2019 um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. ~~113 317/2019~~ frá ~~30 13. apríl~~ desember ~~2015, 2019~~. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. ~~34 5~~ frá ~~18 30. júní~~ janúar ~~2015~~ 2020, bls.

399.

- b. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/317 frá 11. febrúar 2019 um frammistöðu- og gjaldtökukerfi fyrir samevrópska loftrýmið og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 390/2013 og (ESB) nr. 391/2013, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 318/2019 frá 13. desember 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 29 frá 7. maí 2020, bls. 1.

## 5. gr.

## Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. mgr. 57. gr. a, sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2015.

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.